

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði.

Bingskjal 466 — 390. mál. (Lagt fyrir Alþingi á 141. löggjafarþingi 2012–2013.)

Við undirritaðir stjórnarmenn í Veiðifélaginu Faxe, í Biskupstungum, lýsum alvarlegum áhyggjum okkar með lagafrumvarp þetta um lax- og silungsveiði, sem okkur sýnist að geti sett málefni Veiðifélags Árnesinga í algert óefni.

Ef félagið ákveður að starfa í deildum, samkvæmt þessu frumvarpi, þá munu netaveiðimenn við Ölfusá stofna sér deild og veiða að geðþótta megnið af öllum laxi svæðisins. Það er ekki að sjá að félagið geti þá neitt við því gert.

Ef hinsvegar ákveðið verður að starfa ekki í deildum og stofna félög um stangveiðiárnar, þá munu þeir aðilar, sem mestar tekjurnar sköpuðu, engin áhrif hafa á stefnumörkun félagsins, en netaveiðimenn ráða öllu.

Stjórn veiðifélagsins Faxe leggur til að frumvarpið verði dregið til baka og það endurskodað frá grunni áður en það verður lagt fyrir alþingi að nýju.

Undirritaðir eru reiðbúnir að mæta á fund atvinnuveganefndar alþingis til að rökstyðja mál sitt frekar.

t.p. bjorn@sudskogur.is
s. 899 9302

Selfossi 2. desember 2012.

F.h. stjórnar Veiðifélagsins Faxe,

Björn B Jónsson (sign)

Valur Lýðsson (sign)

Jón Ingi Gíslason (sign)

Greinargerð:

Það er þýðingarlaust að segja í “Athugasemdum um lagafrumvarp þetta”: “Að öðru leyti má gera ráð fyrir að veiðifélagið muni setja almennar reglur sem ná til allra deilda til að tryggja að náð verði markmiðum laganna um sjálfbæra nýtingu o. fl.”

Í lögum nr. 61, um lax og silungsveiði frá 2006, er fjallað um sambærilega reglusetningu í 17. gr 4. málsgrein: Þar segir: “Slikar reglur, nýtingaráætlun, skal Fiskistofa staðfesta að fenginni umsögn Veiðimálastofnunar.” Samkvæmt frumvarpinu munu deildirnar setja sér “nýtingar-áætlun”, svo félagið, sem slíkt, hefur ekkert með þetta að gera, starfi það í deildum. Deildirnar fara þá alveg sínu fram, hver fyrir sig og þurfa aðeins að lúta landslögum, hvað veiðisókn varðar.

Það er hlálegt hvað þarna náðist að þyrlla upp miklu moldviðri, að óþörfu. Í 39. grein sömu laga, 4. málsgrein, segir meðal annars: “Hver deild ráðstafar þá veiði í sínu umdæmi MEÐ ÞEIM SKILYRÐUM SEM AÐALFUNDUR FÉLAGSINS SETUR.” Þarna hefði sem best mátt bæta orðinu fiskrækt á eftir orðinu veiði, í þessari grein. Þessi starfshópur á vegum Atvinnuvegaráðherra hefði ekki þurft að gera annað og þá hefði verið kominn hinn ágætasti grundvöllur fyrir starfsemi veiðifélagsdeilda í hvívetna. Að halda því fram að þarna vanti eitthvað meiri lagastöð er bara rangt og byggist á einhverju öðru en velvilja.